

28. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund miðvikudaginn 22. janúar 2003 kl. 17:30 í Ráðhúsinu. Mætt voru Guðrún A. Gunnarsdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir, varafulltrúi, Laufey V. Hjaltalín, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Ægir Jóhannsson, Sigrún Ársælsdóttir.

Dagskrá: 1. Starfsemi Amtbókasafnsins.
2. Önnur mál.

1. Formaður setti fund og stýrði honum.
Sigurlína sagði frá tengingu nýrra tölva.
Nefndin samþykkir að leggja til hækkun á gjaldskrá. Lánþegaskírteini fyrir 18-67 ára hækki úr kr. 700 í kr. 1.000. Gjald fyrir tölvunotkun verði kr. 100 fyrir hvern byrjaðan hálf tíma.
Þeir sem hafa gilt lánþegaskírteini hafa frían aðgang að tölvu. Frekari breyting á gjaldskrá verður látin bíða þar til nýja bókasafnskerfið verður tekið í notkun.
2. Rætt var um bréf sem bæjarráð vísaði til nefndarinnar. Bréfið er frá Kristleifi Indriðasyni þar sem hann vekur athygli á sérstöðu Hrappseyjarprentsmiðju og á að 230 ár eru síðan hún hóf starfsemi.
Nefndin þakkar góða ábendingu.
Formaður sagði frá pottjárnsmerkjum sem er verið að hanna fyrir gömul hús á Vestfjörðum.

Fundi slitið kl. 18.45.
Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.).

Íhs.